

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, Egilsstaðir, Fljótshéraði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 15. febrúar 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs frá 10. júlí 2002.

Breytingin felst í að 10 ha svæði sem afmarkast af Þjóðvegi 1 og aðkomuvegi að flugvallarsvæði í vestri og svæði fyrir Heilbrigðisstofnun Austurlands í austri, breytist úr landbúnaðarsvæði í verslunar- og þjónustusvæði.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 15. febrúar 2008.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*